

Samþykktir fyrir HS Veitur hf.

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. grein

Félagið er hlutafélag og nafn þess er HS Veitur hf.

2. grein

Heimilisfang félagsins er að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ. Útibú/starfstöðvar eru í Hafnarfirði, í Árborg og í Vestmannaeyjum.

3. grein

Tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

Hlutafé félagsins

4. grein

Hlutafé félagsins er 724.800.000 króna. Hlutafénu er skipt í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers einstaks hluthafa í félaginu. Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd ósk þar um, t.d. vegna búskipta eða sölu hlutafjár. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi þess fá nýtt bréf jafnskjótt og færðar hafa verið sönnur á að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi eða hlutabréfið hafi verið ógilt með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu, enda greiði hann allan kostnað við það. Ákvæði um að ógilda megi hlutabréfin með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu skal prenta á öll hlutabréfin.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutabréf skuli gefin út með rafrænum hætti. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár.

5. grein

Félagið má ekki eiga sjálft meira en 10% af eigin hlutafé og þá aðeins samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slík heimild verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en 18 mánaða. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

6. grein

Hluthafafundi einum er heimilt að hækka eða lækka hlutafé félagsins hvort heldur um er að ræða lækkun hlutafjár eða hækkun (eða útgáfa heimildar til stjórnar þar um) með áskrift nýrra hluta, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu breytanlegra skuldabréfa, kaupréttá, áskriftarréttinda eða annarra sambærilegra gjörninga sem hafa áhrif á útgefið hlutafé. Til hækkunar hlutafjár eða lækkunar samkvæmt þessari 6. grein þarf sama magn atkvæða og til annarra breytinga á samþykktum félagsins, sbr. 22. gr.

7. grein

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggju lausblaðaformi eða með rafrænum hætti. Ef hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti er útskrift úr skrá verðbréfasmiðstöðvar fullgild hlutaskrá. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a. nafnverð hlutar og númer,
- b. útgáfudag hlutabréfs,
- c. nafn hluthafa, heimilisfang og kennitölu,
- d. eigendaskipti að hlutabréfi og skráningardag,
- e. breytingar sem verða kunna á skiptum félagsins og hluthafa, svo sem ef hlutabréf er ógilt.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá á hverjum tíma vera fullgild sönnun um eignarhald að hlutum í félaginu og skulu arður á hverjum tíma og tilkynningar allar send til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi hlutar í hlutaskrá félagsins.

Hver hluthafi skal tilkynna stjórn félagsins um póstaritun sína og má senda allar tilkynningar frá félaginu til hans með þeirri áritun. Láti hluthafi hjá líða

að tilkynna áritun sína á hann hvorki heimtingu á að fá tilkynningu sem stjórn sendir til hluthafa né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann vitjað á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því hann varð gjaldkræfur. Félagið ber ekki ábyrgð á ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna vanrækslu á tilkynningu til félagsins um bústaðaskipti.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu

8. grein

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um þau skriflega.

9. grein

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó má eigi líða lengri tími en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Eigendaskipti vegna arfsals til erfingja við andlát hluthafa eða búskipti lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til.

Verði eigendaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrá.

Hluthafafundir

10. grein

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Fundinn skal halda innan marka orkusölvæðis félagsins.

Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara (tveimur vikum fyrir aðalfund). Þó má halda aðalfund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt sinn. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einn fundarmanna krefst þess.

12. grein

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- b. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði og greint frá meginefni tillögunnar, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

13. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
3. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
4. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
6. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ef hluthafar sem ráða minnst þriðjungi hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðun um tölulið tvö til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og dagskrá fundarins skulu liggja frammi hluthöfum til sýnis eigi skemur en 7 sólarhringa fyrir aðalfund ásamt þeim aðaltillögum sem koma eiga til atkvæða á fundinum. Viðauka- og breytingartillögur má bera fram á fundinum sjálfum.

14. grein

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda félagsins eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint. Stjórn skal þá boða fund innan fjórtán daga frá því henni barst krafan. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt 2. mgr. 87. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

15. grein

Hver hluthafi á rétt til að fá mál tekin fyrir á hluthafafundi, enda geri hann skriflega kröfu þar um með þeim fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sbr. lokamálsgrein 13. greinar samþykktá þessara. Seturétt á fundum eiga hluthafar og umboðsmenn hluthafa auk endurskoðenda félagsins og framkvæmdastjóra þótt ekki séu hluthafar. Þá getur stjórn boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjórn

16. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir þrír varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Um hæfi stjórnarmanna og varamanna þeirra fer að lögum. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Stjórn félagsins skal kosin hlutfallskosningu.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.

Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

17. grein

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Stjórnin skal

setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. grein

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málum þess milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

1. Að semja við verktaka um að annast daglegan rekstur félagsins.
2. Taki stjórnin um það sjálfstæða ákvörðun er það hlutverk stjórnarinnar að ráða félaginu framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og starfskjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
3. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna.
4. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
5. Að ákveða hver eða hverjir skuli hafa prókúruumboð fyrir félagið.

19. grein

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar og veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra úr hópi stjórnarmanna.

Reikningar félagsins og endurskoðun

20. grein

Á aðalfundi félagsins skal kjósa til eins árs einn endurskoðanda og varamann hans eða endurskoðunarfélag. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má

hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir félaginu. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

21. grein

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings skal senda félagaskrá ársreikning, eða samstæðureikning ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningur var samþykktur.

Breytingar á samþykktum félagsins

22. grein

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi hluthafa með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af hlutafé í félaginu, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum félagsins skal án dráttar tilkynna hlutafélagaskrá nema sérstakt tímamark sé tekið fram í samþykktum þessum eða lögum og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

Þá skulu eftirtaldar ákvarðanir, sem teljast til meiri háttar ákvarðana, aðeins teknar á hluthafafundi með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af hlutafé í félaginu:

- a. Breytingar á fjárhagsreglu félagsins, sbr. 23. grein.
- b. Samruni félagsins við önnur félög eða skipting félagsins í fleiri félög.
- c. Veruleg breyting eða takmörkun á viðskiptaháttum og/eða rekstri félagsins miðað við það sem nú er. Þar með talin sala á starfsemi eða eignum félagsins, nema slík sala sé hluti af daglegum eða hefðbundnum rekstri.

- d. Stofnun dótturfélaga eða útibúa héraðs eða erlendis.
- e. Lántökur, veiting trygginga eða ábyrgða eða sambærilegra skuldbindinga (m.a. fyrir þriðja aðila) nema slíkt tengist beint og sé í samræmi við daglegan rekstur félagsins.
- f. Kaup eða yfirtaka félagsins á öðrum félögum eða rekstri (eða hlutdeild í slíku félagi eða rekstri), hverju nafni sem það nefnist, hvort heldur í einum viðskiptum eða röð tengdra viðskipta yfir lengri tíma, nema slík viðskipti teljist hluti af daglegum eða hefðbundnum rekstri.
- g. Ákvörðun um þátttöku í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samstarfsverkefni eða samrekstri (e. Joint Venture), nema slík ákvörðun varði óverulega hagsmuni, eða sé hluti af daglegum eða hefðbundnum rekstri.
- h. Allar fjárfestingar sem ekki myndu teljast til daglegs eða hefðbundins rekstrar.
- i. Viðskipti félagsins við hluthafa þess (eða félög tengd hluthöfum), þ.m.t. lán eða annarskonar fyrirgreiðslur, nema slík viðskipti falli undir eðlilegan og daglegan rekstur og taki tillit til armslengdarsjónarmiða.

23. grein

Fjárhagsregla félagsins byggir á eftirfarandi markmiðum:

- a. Að arðsemi félagsins sé ávallt háværkuð;
- b. Að rekstraröryggi félagsins sé á hverjum tíma tryggt, m.a. með því að leitast sé við að draga úr ytri áhættuþáttum í tengslum við fjármögnun félagsins;
- c. Að fjárbinding hluthafa og sjóðflæði til þeirra sé hagað á þann veg að tryggji á hverjum tíma hagkvæmni og öryggi í rekstri félagsins, en jafnframt bestu mögulegu ávöxtun hluthafa af fjárfestingu sinni;
- d. Að öllum framangreindum markmiðum verði á hverjum tíma náð innan ramma gildandi laga og reglna, í samræmi við þær kröfur og takmörk, sem stjórnvöld kunna að setja rekstri félagsins og hluthöfum þess eða leiða af skilmálum lánsamninga félagsins eða öðrum lögmætum skuldbindingum þess.

Fjárhagsreglu félagsins verður ekki breytt nema með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af hlutafé í félaginu, sbr. a. – liður 2. mgr. 22. gr.

24. grein

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar.

Lokaákvæði

25. grein

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Samþykktir félagsins samþykktar á stofnfundi þess 1. desember 2008.

Breytt á aðalfundi 10. mars 2022.

F.h. HS Veitna hf




HS Veitur hf
431208-0590
Brakkustíg 36
260 Reykjaneshæð